

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/2013****2018/EES/29/07****frá 11. nóvember 2015****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar staðalfrávik í tengslum við sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 109. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Að því er varðar útreikninginn á áhættueiningu heilsutrygginga í staðalreglunni fyrir gjaldþolskröfuna ætti að mæla fyrir um staðalfrávik fyrir iðgjalda- og varasjóðsáhættu í tengslum við tilgreindar, landsbundnar löggjafaráðstafanir sem heimila að greiðslum krafna vegna heilbrigðisáhættu sé skipt milli váttrygginga- og endurtryggingafélaga.
- 2) Eingöngu ætti að mæla fyrir um slík staðalfrávik í tengslum við hollensku sjúkratryggingalögin (*Zorgverzekeringswet*) þar sem kveðið er á um skyldubundna grunnheilsutryggingu (*basisverzekering*) í Hollandi (hér á eftir „sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í Hollandi“). Samkvæmt könnun sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gerði er sveiflujöfnun vegna heilsutrygginga í Hollandi eina slíka kerfið í Sambandinu sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB.
- 3) Staðalfrávikin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hafa verið ákvörðuð að teknu tilliti til útreikninganna frá seðlabanka Hollands (De Nederlandsche Bank).
- 4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps í váttryggingum og endurtryggingum sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ⁽²⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Staðalfrávik**

Váttrygginga- og endurtryggingafélög skulu, fyrir váttryggingu vegna sjúkrakostnaðar og hlutfallslega endurtryggingu sem falla undir sveiflujöfnun heilsutrygginga í Hollandi, nota eftirfarandi staðalfrávik við útreikninginn á áhættueiningu heilsutrygginga:

- a) 2,7% fyrir iðgjaldaáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging (NSLT),
- b) 5% fyrir varasjóðsáhættu heilsutryggingar, sem starfrækt er á svipuðum tæknilegum grunni og skaðatrygging.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 12.11.2015, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
